

Fundargerð 72. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2023, miðvikudaginn 19. apríl kl. 10:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Baldur Smári Einarsson, Þórdís Sif Sigurðardóttir, Fannar Jónasson, Íris Róbertsdóttir, Björn Ingimarsson, Heimir Örn Árnason og Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Skýrsla Boston consulting group um lagareldi - óskað umsagnar - 2304001SA

Lögð fram til kynningar skýrsla Boston consulting group vegna lagareldis ásamt tölvupósti frá Matvælaráðuneytinu er varðar þátttöku í samráðsferli vegna stefnumótunarvinnu lagareldis.

Stjórn samþykkir að Samtökin verði þátttakendur í áður nefndu samráðsferli og fela starfsmanni að svara ráðuneytinu þar um.

2. Samtök sjávarútvegssveitarfélaga - vorfundur 2023 - 2211004SU

Umfjöllun um fyrirhugaðan vorfund.

Farið yfir dagskrá væntanlegs vorfundar stjórnar sem fram fer á Austfjörðum dagana 10-12.mái nk.

3. Skerðing á afhendingu raforku til fiskimjölsverksmiðja - 2112001SU

Stjórn ræddi afhendingu raforku til fiskimjölsverksmiðja sem og annara fyrirtækja í sjávarútvegi og þær skerðingar sem verið hafa síðustu ár á þeim vettvangi. Stjórn samþykkti eftirfarandi bókun vegna þessa og felur starfsmanni að koma henni á framfæri við stjórnvöld og raforkufyrirtæki vegna þessa.

Stjórn samtaka sjávarútvegssveitarfélaga lýsir yfir þungum áhyggjum af þeirri stöðu sem ítrekað hefur nú komið upp í raforkuframleiðslu og flutningi sem gert hefur af verkum að skerðingar hafa verið tíðar til fiskimjölsverksmiðja sem og annarrar starfsemi sem tengist sjávarútvegi ásamt því að flutningskerfi raforku hefur ekki getað komið raforku til sjávarútvegsfyrirtækja víða um land. Til að mæta þessu hefur verið gripið til notkunar á olíu til framleiðslu afurða. Slíkt gengur í algert berhögg við loftlagsmarkmið og ímynd matvælaframleiðslu á Íslandi sem að sjálfsögðu á að vera knúinn endurnýjanlegum orkugjöfum sem mest. Því skorar stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga á stjórnvöld og fyrirtæki í raforkuframleiðslu og flutningi raforku að tryggja fyrirtækjum í sjávarútvegi örugga raforku á samkeppnishæfu verði til að tryggja hreinleika við

framleiðslu þeirrar vöru sem framleidd er hér á landi og losa út brennslu á olíu í framleiðslunni sem mest má.

Fundi var slitið kl. 11:00